



Reykjavíkurborg  
Skipulagsfulltrúi

Mótl: 20 OKT. 2005  
Málmr. 2005/00068

Reykjavík 25.05.05

**Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags  
“Bryggjuhverfi í Grafarvogi”  
Sem samþykktir voru í borgarráði 30.09.97**

Höfundur deiliskipulagsins er Björn Ólafs arkitekt París og útgefandi Björgun ehf.

Breytingin felst í því að breytt er texta í kafla 2 Naustabryggja, tölulið 4 Notkun húsa hvað varðar notkun jarðhæðar.

Texti í gildandi skilmálum er svohljóðandi:

II 4. Notkun húsa:

- a. *Hús við torg no 5 og 6 hafa verslun eða veitingahús á þeim hluta jarðhæðar er snýr að torgi og sjó í senn.*

*Á öðrum hlutum jarðhæðar getur verið sama starfsemi, eða íbúðir og rými tengt íbúðum. Á efri hæðum eru íbúðir. Hægt er að tengja íbúð á annari hæð verslunarrými á jarðhæð. Byggjandi er ábyrgur fyrir vörn hljóðmengunar milli verslunar- og veitingarstaðar annarsvegar og íbúða hinsvegar, og skal hann sýna nákvæmlega aðferðir sem hann notar til að ná fullkomnum árangri.*

Tillaga að breyttum texta í skilmálum er svohljóðandi:

II 4. Notkun húsa:

- b. *Hús við torg no 5 og 6 hafa verslun, veitingahús, íbúðir eða rými tengd íbúðum á jarðhæðum.*

*Á efri hæðum eru íbúðir. Hægt er að tengja íbúð á annari hæð verslunarrými á jarðhæð. Byggjandi er ábyrgur fyrir vörn hljóðmengunar milli verslunar- og veitingarstaðar annarsvegar og íbúða hinsvegar, og skal hann sýna nákvæmlega aðferðir sem hann notar til að ná fullkomnum árangri.*

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í

Borgarráði þann 18. ágúst 2005 og í Skipulagsráði þann 19. okt. 2005

Tillagan var auglýst frá 31. ágúst 2005 með athugasemdafresti til 12. okt. 2005.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann            200  .

Holga Þrægarlött